

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/985
komudagur. 13. 2. 2003

Umhverfisstofnun Alþingis.

Meðhöndlun úrgangs, 338. mál.

Samkvæmt gildandi rétti er tillagan í algjerri andstöðu við gildandi framkvæmd 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt varðandi rekstrarkostnað, sem miðast að meginstefnu við heimild til gjaldfærslu áfallins kostnaðar samkvæmt fullnægjandi skjölun fyrir sönnun þess útlagða kostnaðar, sem gjaldfærður er í samræmi við viðurkenndar reglur. Óviss kostnaður eða gjaldfærsla til að mæta framtíðar útgjöldum hefur þannig ekki verið viðurkenndur, hvort heldur til að mæta ábyrgðum vegna verka eða t.d. seldra tækja í ábyrgð. Frávik svo sem hér er lagt upp með er þannig í algjörri andstöðu við viðurkenndar meginreglur á þessu sviði.

Ragnheiður Snorradóttir,
fjármálaráðuneytinu.